

Fundargerð  
Leikmannastefnu  
Þjóðkirkjunnar  
5. apríl 2014  
í  
Seltjarnarneskirkju

# Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar í Seltjarnarneskirkju, 5. apríl 2014

## Fundargerð

Þann 5. mars 2014 sendi biskup Íslands, Agnes M Sigurðardóttir út bréf/tölvupóst þar sem boðað var til Leikmannastefnu Þjóðkirkjunnar 5. apríl 2014 í Seltjarnarneskirkju og nokkru síðar var send út eftirfarandi dagskrá.

### 28. Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar

haldin 5. apríl 2014 í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju

Laugardagur 5. apríl 2014

- 09.30 Setning  
Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir
- 10.00 Kosning fundarstjóra og skipun ritara  
Skýrsla leikmannaráðs og reikningar  
Formaður leikmannaráðs, Marinó Þorsteinsson  
Umræður
- 10.30 Kynning á frumvarpi til Þjóðkirkjulaga  
Ásbjörn Jónsson, kirkjuráðsmaður  
Egill H. Gíslason, kirkjuþingsmaður  
Umræður
- 11.45 Saga kirkna á Seltjarnarnesi  
Guðmundur Einarsson, formaður Seltjarnarnessóknar
- 12.00 Hádegisverður
- 13.00 Ný fræðslustefna  
sr. Sigfús Kristjánsson verkefnisstjóri fræðslumála
- 13.45 Hringborð: Er pláss fyrir Guð í tækniþjóðfélagi?  
Svana Helen Björnsdóttir, verkfræðingur  
sr. Sveinn Valgeirsson, sóknarprestur  
Vilhjálmur Bjarnason, alþingismaður  
Umræðustjóri Jón Hákon Magnússon  
Fyrirspurnir og umræður
- 15.00 Kaffiveitingar
- 15.15 Ályktanir og önnur mál
- 16.00 Biskupsgarður, slit

Biskup Íslands, frú Agnes M Sigurðardóttir setti 28. Leikmannastefnu Þjóðkirkjunnar í Seltjarnarneskirkju. Biskup fór með bæn, sungnir voru sálmar og þar flutti biskup ávarp. Eftir það var stefnan flutt í safnaðarheimilið.

## 1. Leikmannastefnan

Marinó Þorsteinsson formaður leikmannaráðs bauð alla velkomna og þakkaði biskupi hlý orð í garð leikmannastefnufulltrúa. Fundarstjóri var kosinn Reynir Sveinsson, Kjalarnesprófastsdæmi. Fundarritarar voru kosnir Þórdís Friðbjörnsdóttir, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi og Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, framkvæmdarstjóri leikmannaráðs. Reynir Sveinsson bauð alla velkomna og fulltrúar kynntu sig. Á þessari Leikmannastefnu sátu 40 fulltrúar og gestir (sjá fylgiskjal 1).

## 2. Skýrsla Leikmannaráðs og reikningsuppgjör

Formaður leikmannaráðs Marinó Þorsteinsson flutti skýrslu ráðsins og greindi frá reikningsuppgjöri 2013 (sjá fylgiskjal 2). Skýrslan og reikningsuppgjórið 2013 voru borin upp og samþykkt samhljóða.

## 3. Kynning á frumvarpi til Þjóðkirkjulaga

Ásbjörn Jónsson kirkjuráðsmaður og Egill Heiðar Gíslason kirkjuþingsmaður kynntu nýtt frumvarp til þjóðkirkjulaga. Markmiði þess er að gera kirkjuþing öflugra, fjármálin fari frá kirkjuráði til kirkjuþings. Kirkjuþingi er ætlað að fara með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar og marka henni stefnu með starfsreglum og öðrum samþykktum. Sérstaklega er tekið fram að þirkjuþing setji starfsreglur um starfssvið biskups Íslands og um agamál og lausn ágreiningsmála á vettvangi kirkjunnar. (sjá fylgiskjal 3)

- 7. gr. Er grundvallargreinin (grunnreglan). Þjóðkirkjan ræður innri málefnum sínum um skipulag, stofnanir og valdamörk þeirra á milli. Ákveðið var að taka leikmanna- og prestastefnur út úr frumvarpinu, tilheyrir innra starfi kirkjunnar
- 8. gr. Söfnuðurinn er félagsleg og fjárhagshagsleg grunneining þjóðkirkjunnar
- 10. gr. Hefur valdið ágreiningi – meirihlutinn (aðallega skipaður prestum) vill ekki að kirkjuþing taki yfir stjórn fjármála kirkjunnar
- 11. gr. Á kirkjuþingi skulu leikmenn vera fleiri en vígðir. Kirkjuþing kýs þingforseta og tvo varaforseta úr röðum leikmanna
- 12. gr. Skerpir á valdi forseta kirkjuþings
- 14. gr. Var tekin út
- 19. gr. Allir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar lúta tilsjón biskups Íslands og ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum. Prestar eru enn embættismenn og lúta lögum um embættismenn ríkisins
- 20. gr. Ekki er lengur talað um embættispróf í guðfræði heldur mag. theol. próf. sem leyst hefur cand. theol próf af hólmi við Háskóla Íslands. Ekki ástæða til að kveða á um lágmarksaldur presta.
- 21. Þjónandi djákni þjóðkirkjunnar er hver sá sem gegnir fastri djáknaþjónustu í kirkjunni samkvæmt vígslubréfi. Kirkjuþing setur nánari ákvæði í starfsreglur um ráðningu, störf og starfsskyldur djákna.
- 23. gr. Efla á tilsjón prófaste með kirkjulegu starfi í prófastsdæmunum. Kirkjuþing setur starfsreglur um val prófaste og störf. Kirkjuþing skal setja starfsreglur um val prófaste og störf þeirra

- 24. gr. Ísland er eitt biskupsdæmi.
- 25. gr. Biskup skal kjörinn til 6 ára og má sitja í 12 ár
- 26 gr. Biskup fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar. Hann hefur ákvörðunarvald um einstök mál sem heyra ekki undir önnur stjórnvöld þjóðkirkjunnar. Biskup Íslands hefur aðsetur í Reykjavík og er biskupsstofa embættisskrifstofa.

Nokkrar umræður urðu um þjóðkirkjulögin. Fáeinir töluðu um að tillögurnar ættu ekki að vera til kynningar núna og það væri allt of stuttur tími gefinn til að fara yfir frumvarpið. Aðrir töluðu um að það væri gott að senda það umsvifalaust í kynningu. Almennt vel unnið plagg og til bóta, t.d. minna að umfangi og nútímalegra. Varðandi 8. gr. Töldu sumir ófært að þurrka út sóknarmörkin, það verði slagur um sálirnar og skapi fleiri vandamál en leysa á, aðrir voru því ósammála. 8. greinin leggur áherslu á að kirkjuþingið setji reglur um sóknarmörk. Kirkjuþing endurspeglar vilja kirkjunnar. Einnig kom fram að það væri oftúlkun á að verði væri að brjóta upp sóknarmörk. Einhverjum fannst 20. og 21. gr. laganna fullýtarlegar varðandi prestana, því eflaust stýttist í að þeir verði ekki embættismenn ríkisins.

Flestir voru sammála að þessi umræða hafi verið nauðsynleg. Það ætti að kynna frumvarpið sem best þannig að þjóðkirkjufólk sé meðvitað um það, þegar það kemur til kasta þingsins.

Einng var kynning á „bandorminn“ svokölluðum, en það er frumvarp sem liggur fyrir Alþingi um breytingar á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingu.

#### **4. Saga kirkna á Seltjarnarnesi**

**Guðmundur Einarsson, formaður Seltjarnarnessóknar** sagði frá sögu kirkna á Seltjarnarnesi (sjá fylgiskjal 4)

**Hádegisverður**

#### **5. Ný fræðslustefna sr. Sigfús Kristjánsson, verkefnisstjóri fræðslumála**

Sigfús Kristjánsson flutti erindi um nýja fræðslustefnu þjóðkirkjunnar með sérstaka áherslu á átak í fermingarfræðslu.

Fræðslustefna þjóðkirkjunnar er reglulega endurnýjuð og hefur þessi sem samþykkt var á kirkjuþingi 2013 í sér endurskoðunarákvæði eftir fjögur ár. Í þessari stefnu sem fer yfir fræðslu þjóðkirkjunnar til allra aldurshópa er tvennt sett á oddinn. Það er annars vegar átak í fermingarfræðslu og hins vegar átak í viðbrögðum við ofbeldi í hvaða mynd sem það birtist.

Sigfús ræddi meðal annars um að til að ná til fólks þurfum við að tala tungumál sem það skilur og nota miðla sem því er tamt að nota. Á sama tíma má kirkjan ekki bregðast skyldu sinni að fræða komandi kynslóðir um arfinn sem kirkjan miðlar. Helgihaldi, orðtaki, siðum og venjum. Þannig þurfum við að vera bæði í takt við tímann en einnig örugg um okkar kirkjuarf.

Átak í fermingarfræðslu felur í sér nokkra þætti og verður unnið að þeim eins og geta og fjármagn leyfir. Hugmyndafræði fræðsluviðs er að vinna „fyrir opnum tjöldum“ þ.e. þannig að starfsmenn, prestar og aðrir fermingarfræðarar geti fylgst með, gert athugasemdir og lagt til efni. Þannig standa vonir til að efnið verði bæði sameign okkar allra og að það endurspeglar samanlagða reynslu og þekkingu þeirra sem koma að fermingarfræðslu. Sigfús sagði frá nýju

efni Con Dios sem margar kirkjur hafa nú tekið upp og fleiri munu bætast við í haust. Þetta efni verður stutt af fræðsluviði með aukaverkefnum, hugarkortum og ýmiss konar aukaefni. Con Dios hefur fram yfir það sem áður hefur verið notað að því fylgja góðar kennsluleiðbeiningar.

Kominn er í loftið ný síða [ferming.is](http://ferming.is) og til stendur að nota netið áfram til að auka fjölbreytni fræðslunnar. Þá er í vinnslu bæklingur sem á að senda á fjölskyldur væntanlegra fermingarbarna til að kynna fræðsluna. Einnig er í þýðingu bæklingur sem fylgir nýja fermingarefninu Con Dios og ætlaður er fyrir fjölskyldur fermingarbarna.

Fermingarfræðarinn verður einnig í brennidepli og sett verður af stað verkefni til að þjálfa þá sem standa að fermingarfræðslu. Þar verður mikil áhersla lögð á að við deilum með hvert öðru því sem vel gengur.

Sigfús kynnti svo efnisveitunna sem er mikill banki af efni fyrir allt fræðslustarf kirkjunnar. Þeir sem hafa áhuga geta fengið aðgang að efnisveitunni og kynnt sér hana nánar.

Nokkrar umræður voru um erindið og voru fundarmenn almennt sammála um að hér væri á ferðinni eitt brýnasta verkefni kirkjunnar.

## 6. Hringborð: Er pláss fyrir Guð í tæknipjódfélagi?

### **Frummælendur**

Svana Helen Björnsdóttir, verkfræðingur  
sr. Sveinn Valgeirsson, sóknarprestur  
Vilhjálmur Bjarnason, alþingismaður  
**Umræðustjóri** Jón Hákon Magnússon

**Sveinn Valgeirsson sóknarprestur:** Þarft umræðuefni. Gagarín sagði eftir fyrstu geimferðina: „Guð er ekki til, ég fór út í geiminn – sá hann ekki.“ „Sá sem hefur ekki séð Guð á jörðinni getur ekki vænst þess að sjá hann í geimnum.“ Einstein o.fl. Eftir því sem vísindum og tækni og almennri þekkingu vindur fram þá er Guði er ýtt út í glufurnar, sem vísindum hefur ekki tekist að fylla. Er ekki þannig. Guð er ekki náttúru fyrirbæri á sama hátt og hið skapaða; hann aðgreinir sig frá hinu skapaða. En á samt í samskiptum við sköpunina.

Empírisminn hefur ákveðið völlinn og reglurnar; má deila um hvort það sé rétt.

Lífum í heimi sem heimtar tölur; það sé eini kvarðinn á afurðir –

Tilvera í tölum – Jesús og 70x7

Þetta talnaumhverfi hentar Guði illa, því - Það þýðir ekki að troða Guði inní rökrásir gervigreindar því hann kemst ekki þar fyrir. Stóri steinninn. Alveldi guðs felst ekki í því hvað hann tekur mikið í bekkpressu heldur hvernig hann snertir lífið þitt; „leiðir fólkið heim“ í Jesaja eða lætur sér annt um söfnuðinn litla í Róm.

Trúarþroski: Sýna guðfræði og umræðu um trú sömu virðingu og við sýnum öðrum greinum; við tölum ekki um eðlisfræði út frá heimsmynd „renessansins“.

Réttlæti Guðs er ekki réttlæti mannsins: Maðurinn er ekki einnar víddar vera; hann er ekki hagnemi, eða neyslumenni eða bara skáld eða bara keppnismaður eða rökvera. Trúin tekur til allrar veru mannsins

Meðan manni tekst ekki að skilja dauðann þá verður rúm fyrir Guð, líka í tæknisamfélagi.

Ekki reynsla hans að að krakkar fermist aðallega vegna peninga og gjafa.

**Svana Helen Björnsdóttir, verkfræðingur:**

Er tæknin svo frábær að við þurfum engan Guð? Guð er aldrei mikilvægari en nú. Siðvit hefur gleymst – kærleiksboðskapur Guðs eflir siðvit og gætir þess að maðurinn fari ekki fram úr sjálfum sér. Guð þarf alltaf að vera með okkur svo okkur farnist vel – Almennt í viðskiptum er fólk ekki að hugsa um Guð – Ekki flagga trúartáknum í alþjóðaviðskiptum – en þegar færi gefst þá er hægt að tala um lífsgildi og trú á Guð.

**Vilhjálmur Bjarnason, alþingismaður;** Hann sagðist hafa lent í ógöngum í sínu lífi og öðlaðist þá guðsvitund. Vísindamenn margir, sem hafa náð langt, hafa ekki hafnað Guði. Ólafur Erlings spyr: Hvernig getum við sem kristin sótt fram í stað þess að vera máluð út í horn?

Vilhjálmur telur að viðhorf gagnvart trúnni muni breytast aftur til hins betra í Reykjavík.

Nokkrar umræður urðu eftir frummælendurnar.

Árni Svanur Daníelsson vefprestur sagði að grunnþarfir mannsins breytast ekki þrátt fyrir tæknina. Munum að samskipti gerðu siðbótina mögulega. Kirkjan hefur mikla möguleika í allri tækninni og samskiptamöguleikunum.

Mennta- og menningarráðuneytið er að vinna að reglum um samskipti kirkju og skóla.

Í lokinn kom fram að alltaf er pláss fyrir Guð ef menn eru jákvæðir.

## 7. Ályktanir og önnur mál

Marínó Þorsteinsson formaður lagði fram ályktun v/Þjóðkirkjufrumvarpsins.

### *Ályktun um kirkjuþingsfrumvarp*

*Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Þessu frumvarpi er ætlað að ná fram þeim þáttum úr því frumvarpi til þjóðkirkjulaga, sem liggur fyrir kirkjuþingi sem þola ekki lengri bið.*

*Með frumvarpinu er verið að auka sjálfstæði kirkjuþings eins og því ber sem valdamestu stofnun þjóðkirkjunnar með því að fjárstjórnarvaldið er fært yfir til þingsins.*

*Leikmannastefna þjóðkirkjunnar, haldin í Seltjarnarneskirkju 5. apríl 2014, lýsir ánægju sinni með að þetta frumvarp sé nú fram komið. Vonast er til að það verði að lögum á þessu vorþingi og taki gildi 1. janúar 2015.*

Ólafur Valgeirsson Austurlandsprófestsdæmi gagnrýndi að ályktunin kæmi seint fram og að fundasköp væru ekki virt og þessi vinnubrögð lækki standard stefnunnar. Sagði þetta stórt mál sem þarfnist meiri umræðu ekki boðlegt að koma fram með þetta á síðustu stundu.

Reynir fundarstjóri sagðist treysta kirkjuþingsmönnum, Ásbirni Jónssyni og Agli H. Gíslasyni fyrir málinu.

Ályktunin var síðan samþykkt.

Marínó Þorsteinsson, formaður leikmannaráðs, þakkaði fundarstjóra og fundarriturum fyrir fyrir störf sín og fundarmönnum fyrir vel heppnaða leikmannastefnu.

## **8. Slit á Leikmannastefnu**

Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir bauð leikmannastefnufulltrúum til sín í Biskupsgarð og sleit stefnunni.